



Jólasaga

Einu sinni var jólasveinn sem notaði gleraugu. Hann hét Gleraugnastúfur, af því að hann var svo lítill og af því að hann notaði gleraugu. Gleraugnastúfur bjó í Vatnajökli með jólasveinafjölskyldunni sinni. Kvöld eitt rétt fyrir jólin þegar að Gleraugnastúfur ætlaði að fara með pakka til íslensku krakkanna í Osló, gerðist svolítið hræðilegt. Mamma hans Gleraugnastúfs, hún Grýla, steig ofan á gleraugun og mölbraut þau. Gleraugun höfðu dottið niður af náttborðinu hans og lágu því á gólfinu. Gleraugnastúfur þurfti því að fara til Noregs gleraugnalaus. Hann tók því óvart elginn hans pabba síns í staðinn fyrir litla hreindýrið sitt. Þegar þeir voru að fljúga yfir hafið steig elgurinn óvart niður og Gleraugnastúfur varð rennandi blautur. Hann varð því að fara heim og skipta um föt og kom því alltof seint til Noregs. Hann flýtti sér svo mikið að hann ruglaði saman öllum gjöfunum. Ásdís fékk tindátana sem Júlli átti að fá. Júlli fékk hárklemmurnar sem Ásdís átti að fá. Anika fékk skóna sem Rebekka átti að fá og þeir voru alltof litlir og Rebekka fékk skóna sem Anika átti að fá og þeir voru alltof stórir. Þegar hann flaug af stað heim sá hann ekkert fyrir þoku og þess vegna fór hann til Svíþjóðar í staðinn fyrir að fara heim til Íslands. Núna er hann villtur í Svíþjóð!



Dómarinn var heldur pirraður þegar hann var kallaður til dóms á aðfangadag, og spurði sakborninginn harkalega: "Hvað ert þú ákærður fyrir?"

"Fyrir að gera jólainnkaupin snemma." svaraði sakborningurinn.

"Það er nú ekki refsivert," sagði dómarinn; "hversu snemma gerðir þú þau?"

"Áður en búðirnar opnuðu!"

Hildur Péturs – Enskukennari

1. Þegar ég var 4 ára og fékk appelsínugult tvíhjól frá mömmu og pabba
2. Sérsmíðaður kross sem ég fékk frá ömmu minni og afa. Ég var au pair í útlöndum á þessum tíma og eyddi jólnunum úti...
3. Mamma mín eldar alltaf annað hvort kalkún eða hamborgarahrygg

1. Hver er fyrsta jólaminningin þín?
2. Hvað er uppáhalds jólagjöfin sem þú hefur fengið?
3. Hvað hefur þú í matinn á jólnunum og hver eldar?
4. Ertu með einhverjar sérstakar jólahefðir?

Ósk – Samfélagsfræðikennari

1. Þegar ég fékk kommóðu, vekjarklukku og vasa en bróðir minn fékk lítinn plast brunabíl
2. Þegar ég FÆ rauða Teslu!
3. Ég hef önd og Andrés eldar!
4. Mig hefur alltaf langað að vera í náttfötunum allt aðfangadagskvöld!

Halli – Íþróttakennari

1. Þegar ég sofnaði í Indíána tjaldi sem ég fékk frá mömmu og pabba
2. Örugglega þegar ég fékk listaverk úr leikskólanum frá syni mínum
3. Ég elda hvítlauksgrillaðan humar í forrétt, og svo er hamborgahryggur með ananas
4. Ég hlusta alltaf á messu kl 18 á aðfangadag

Síðan er alltaf skemmtilegt að gera svona skraut út pappír og tímaritum. Þetta héma tekur þínu langan tíma en er alveg rosalega flott þegar það er tilbúið. Síðan er hægt að spreya það í einhverjum flottum lit eða setja glimmer á það



Lakkrís og kókos smákökur (40-45 stk)

Aðferð

Hráefni:

- 230 g smjör við stofuhita
- 250 g dökkur púðursykur
- 100 g sykur
- 2 egg
- 2 msk mjólk
- 1 ½ tsk vanilludropar
- 220 g hveiti
- 1 tsk matarsódi
- ½ tsk salt
- 240 g hafrar
- 100 g kókos
- 150 g Nóa lakkrískurl
- 200 g Konsum súðusúkkulaði



Hitið ofninn í 180 gráður og setjið smjörpappír á bökunarplötu. Hrærið smjör, sykur og Púðursykur vel saman. Bætið eggjum saman við ásamt vanilludropum og mjólkinni og hrærið. Blandið hveiti matarsóða og salti saman í skál og hrærið. Blandið hveitiblöndunni saman við deigið og hrærið vel. Setjið hafra og kókos saman við og hrærið. Grófsaxið súkkulaði og setjið saman við ásamt lakkrískurlinu og hrærið því varlega saman við þar til allt hefur náð að blandast vel saman. Setjið deigið í kæli í rúmar 30 mínútur. Myndið kúlur úr deiginu, rúmlega 30 g í hverja kúlu, og raðið á bökunarplötu. Þrýstið hverri kúlu litilega niður. Bakið í u.þ.b 12 mínútur. Kökurnar eru linar þegar að þær koma út úr ofninum en jafna sig fljótlega þegar að þær kólna. Kælið kökurnar í u.þ.b 10 mínútur.

Fyrir þá sem vilja er hægt að bræða súkkulaði, dýfa öðrum endanum á kökunum ofan í og strá kókos yfir.



Það er mjög flott að taka hluti eins og köngla og jólakúlur og hengja upp á bönd.



Það er góð hugmynd að sprejja eða mála köngla og setja síðan band á þá og hengja þá jólatréð eða setja þá í sætt ílát.



Hérna er lítið skemmtilegt skraut sem er skemmtilegt að dunda sér við á köldum vetrardögum. Þú getur sett troð eða hrísgrjón inn í sokkinn og sett síðan litla trefla og húfur á þá. Og auðvitað má ekki gleyma að gera andlitið en í það má nota annað hvort með perlum eða bara teikna það á.



Jólasveininn: Hver er munurinn á póstkassa og kengúru?

Álfurinn: Ég gefst upp. Hvað?


Jólasveininn: Ef þú veist það ekki, minntu mig á að láta þig aldrei fara með bréf í póst!

Vandræðalegar/skrýtnar fjölskyldujólamyndir

Hér koma nokkrar skrýtnar og hálf vandræðalegar fjölskyldujólamyndir



Við viljum nú ekki trúa því að það sé eitthvað vinsælt eða þægilegt að verahálf nakin í jólakortamyndartöku?...



...hvað þá alnakin/n og liggjandi ofan á mömmu, pabba eða systkini þínu!



Grey barninu líst alveg öruggleg ekki vel á þessa hugmynd pabba og mömmu!



Held við þurfum ekkert að segja ykkur hvað er að gerast á þessari mynd, þið ráðið hvað ykkur finnst.

Er þetta bara í fjölskyldunni?





Hvert er uppáhalds jólagiðykkar?

Eyrún og Guðrún: All i want for christmas með Mariah Carrey

Hvað borðið þið á jólonum?

E: Hamborgarahrygg

G: Rjúpu

Hvað langar ykkur í jólagjöf?

E: ZO-ON úlpu

G: Real techniques burstasett

Hver er besta jólagjöf sem þið hafið fengið

E: Allar jafn góðar

G: Fékk nutri bullet frá pabba í fyrra og það er uppáhalds

Hafið þið einhvern tíman fengið kartöflu í skóinn?

E: Nei

G: Haha já, ég neitaði að taka til í herberginu mínu.

Óhefðbundnar jólahefðir

Jólin koma einu sinni á ári eins og allir vita og með þeim koma of hefðir, mörg lönd hafa sínar eigin hefðir, hér eru nokkrar:

Í Noregi telja menn að þegar aðfangadagskvöld gengur í hlað að þá komi með því vondir andar og nomir. Þannig áður en farið er að sofa eru allir kústar faldir svo þeim verður ekki náð af þeim.

Í Austurríki eru bömin skít hrædd við Krampus. Krampus er vondur jóla "andi" sem lemur krakkana með greinum ef þau hafa ekki verið þæg allt árið. Svölftið eins og Gríla.

Í Japan borða fjölskyldan saman KFC á aðfangadagskvöld.

Í Þýskalandi er falið súra gúrku inní jólatrénu, fyrsta barnið til að finna gúrkuna fær litla gjöf.

Í Eistlandi fer fjölskyldan saman í gufu á jólanótt.

Í Japan eru send hvít jólakort, en ef það eru send rauð kort eru þau hundsuð. Rauður er venjulega litur jarðarfara tilkynninga.

Elín Aðalsteinsdóttir—Kennari á sérdeild

Við tókum viðtal við Elínu Aðalsteinsdóttur, kennara á sérdeildinni í Lágafellsskóla. Elín er fædd og uppalin á eyju sem heitir Hvalátur í Breiðarfirði. Þar bjó hún ásamt foreldrum sínum, sjö systkinum og ömmu sinni og afa. Elín sótti barnaskóla í Flatey sem er næsta eyja við Hvalát til tólf ára aldurs. Þá þurfti hún að fara að heiman og vera þar yfir veturna. Sem barn fékk Elín jafnvel bara að fara fjórum sinnum heim yfir veturinn. Á meðan hún var í barnaskóla þurfti hún að gista hjá ókunnufólki vegna þess að engar voru heimavistir þarna á þessum tíma. Þegar Elín var búin með barnaskólann þá þurfti hún að fara í menntaskóla. Fyrsta veturinn fór hún vestur á Flateyri við Önundarfjörð og svo í Héraðsskólann á Reykjum í Hrutafirði.

Bjuggu þið bara ein á þessari eyju?

Nei afi og amma líka. Þar voru tvö hús og amma og afi bjuggi í öðru þeirra. Pabbi minn var bátasmiður og var með litla skemmu þar sem að hann smíðaði þá. Eina leiðinn til þess að fara eitthvert og til þess að komast á milli var að fara á bát. Pabbi smíðaði bæði fyrir okkur og aðra sem og gerði við báta. Afí var bóndi og vorum við því með kindur og kýr og það þurfti að flytja kindurnar á bátum yfir á land á sumrin af því að það var ekki til nóg beit í eyjunum.

Voru þið með rafmagn?

Já, við vorum með vél eða díselstöð sjálf og rafmagn. En versta var að við höfðum svo lítið vatn að við þurftum að safna rigningarvatni af þökunum á húsinu og það var notað til að þvo þvotta. En vatnið sem við drukkum var jarðvatn sem að við náðum í brunn. Ef að sumrin voru þurr þá þurfti að spara vatnið vel.

Hvernig fengu þið mat, gerðu þið hann sjálf?

Já voða mikið. Það var veiddur fiskur og borðað mikið sel og fuglum, t.d. skarf, lunda og svo var mikið af æðavarp. Svo var stór frystir þar sem að við gátum geymt fiskinn í. Áður fyrr þurfti að salta og reykja mat til að geyma hann þegar engar voru frystikisturnar. Við höfðum alltaf nýjan mat úr frystinum og alltaf nóg að borða, en það var ekki hlaupið út í búð. Næsta verslun var í Stykkishólmi. Einu sinni í viku var hægt að fara með póstbátum í land, í bátum var talstöð. Við notuðum hana til að panta vörurnar og fá þær í kassa uppí bát.

Áttiru mikið félagslíf?

Nei það var ekki mikið félagslíf en við vorum átta systkinin á 16 árum og svo voru amma og afi í hinu húsinu og stundum var fleira fólk þar. En um veturna var mjög fátt fólk en á sumrin var alveg hellingur af krökkum í sveit og þá var fjör.

Þurftu þið systkinin að hjálpa mikið á heimilinu?

Já, við gengum öll í hin ýmsu störf, bæði úti og inni. Það var heilmikið að gera, t.d. hugsa um dýr og á sumrin þurfti að afla heyja, það þurfti að slá og raka. Við áttum einn traktor sem hægt var að nota en annars var slegið bara með orf og ljá.

Hvað varstu gömul þegar að þú fluttir af eyjunni?

Ég fór þegar að ég var fermd, þá fór ég á Flateyri. Svo fór ég til Kanada og var hjá föðursystur minni þar í eitt ár. Svo var ég farin til Reykjavíkur átján ára til að vinna.

Svo fór eyjann Hvalátur í eyði 1975. Eyjan er enn í dag á sínum stað og það eru ennþá sumir sem að fara á eyjuna á sumrin til að tíyna dún.

Voru jólin skemmtileg hjá þér?

Já, maður þekkti ekkert annað. Við áttum frændfólk sem að sendu okkur alltaf jólatré. Svo var alltaf keypt einn kassi af eplum og einn af appelsinum. En það voru aldrei ávextir þess á milli, það var bara fyrir jólin. Við bökuðum ýmislegt fyrir jólin og fengum stundum frændfólk frá Reykjavík sem voru yfir jólin. Við fengum alveg rosalega mikið af þökkum og það var alltaf mikið fjör.

Ert þú jólabarn?

Já ég er mikið jólabarn þótt að jólahefðin hafi breyst ansi mikið frá því ég var ung stelpa.

